

Frumvarp til laga

um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 107 28. desember 1999.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Kristján L. Möller,
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

3. mgr. 44. gr. laganna orðast svo:

Sá aðili samtals, sem vill hljóðrita samtalið, skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan sína. Slíkt á þó ekki við um:

- a. Hljóðritun í þágu lögmætra viðskiptahagsmuna, til sönnunar á inntaki samningssambands, eða ef ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt eða megi vera kunnugt um hljóðritunina, eins og t.d. vegna fréttáöflunar fjölmiðla.
- b. Hljóðritun af hálfu stjórnvalds, enda sé hún eðlilegur þáttur í starfsemi þess og nauðsynleg vegna almannahagsmuna eða allsherjarreglu og ótvírætt megi ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.
- c. Hljóðritun sem er einstaklingi nauðsynleg til að verjast meiðandi hótunum eða áreiti, svo sem af kynferðislegum toga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heildarlög um fjarskipti voru samþykkt rétt fyrir sl. áramót. Í þeim lögum var að finna ákvæði sem kvað á um skilyrðislaust bann við upptöku samtals. Eftir frekari skoðun virðist ljóst að löggjafinn gekk of langt í lagasetningu sinni með því að setja skýlaust bann við upptöku, þegar mið er tekið af 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/66/EB frá 15. desember 1997, um úrvinnslu persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins á sviði fjarskipta, sem er fyrirmynd 3. mgr. 44. gr. núgildandi fjarskiptalaga.

Meginreglan í tilskipun nr. 97/66, sem fjallar um persónuvernd á sviði fjarskipta, er tvímælalaust sú að óheimilt sé að hljóðrita símtal nema hinn aðili samtals samþykki upptökuna.

Tillagan sem hér er lögð fram felur í sér að meginreglan verði bann við upptöku samtala án vitundar viðmælanda, en eðlilegar undanþágur verði heimilaðar sem er sú leið sem önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu hafa farið. Í ákveðnum tilvikum er þá heimilt að taka upp samtöl. Þau sjónarmið sem liggja að baki undanþágunni eru einkum nauðsyn samfélagsins á því að halda uppi allsherjarreglu og tryggja sönnun. Þá er enn fremur hnykkt á mikilvægi hlutverks fjölmiðla við að tryggja aðhald og upplýsingaöflun og gengið út frá því að viðmælendum fjölmiðlamanna megi vera ljóst að líkur standa til þess að samtalið sé tekið upp.